Útgáfufélagið Slemba

Rit Reiknistofu í veðurfræði
Ólafur Rögnvaldsson
Hálfdán Ágústsson
Einar M. Einarsson
Haraldur Ólafsson
Halldór Björnsson
Óli Grétar Blöndal Sveinsson

Stöðuskýrsla vegna fyrsta árs RÁV verkefnisins

REYKJAVÍK
JÚNÍ 2007

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur **2**

2 Markmið **2**

3 Vörður, tíma– og kostnaðaráætlun **2**

4 Verkþættir **3**
- 4.1 Gagnaframsetning 3
- 4.2 Endurbætur landgerðar 3
- 4.3 Endurskoðun daglegra keyrslna 3
- 4.4 Þróun gagnagrunns 3
- 4.5 Þróun hviðulíkans 4
- 4.6 Þróun úrkomustikana 4
- 4.7 Þróun jaðarlagslíkans 4

5 Verkþættir eru snúa sérstaklega að veðurspákerfi **4**
- 5.1 Endurbætt landgerð 5
- 5.2 Endurskoðun daglegra keyrslna 8
  - 5.2.1 Samantekt og tillögur 11

6 Verkáætlun annars árs RÁVAndarinnar **12**

7 Samantekt **12**

8 HEIMILDIR **13**

9 Fylgiskjöl **13**

1 INNGANGUR

Í júlí 2006 gerðu Háskóli Íslands (HÍ), Landsnet (LN), Landsvirkjun (LV). Orkustofnun (OS), Orkuveita Reykjavíkur (OR), Reiknistofa í veðurfræði (RV) og Veðurstofa Íslands (VÍ) með sér samning um styrkveitingu til rannsóknaverkefnisins "Reikningar á veðri - RÁV". Í ársbyrjun 2007 fékkst að auki öndvegisstyrkur frá Rannsóknasjóði Íslands til þessa verkefnis, hefur það því hlotið nýtt nafn; RÁVÖndin.

Stýrihóp verkefnisins skipa Haraldur Ólafsson (HÍ) – formaður, Ólafur Rögnvaldsson (RV) – dagleg umsjón, Halldór Björnsson (VÍ) og Óli Grétar Blöndal Sveinsson (LV).

Í stöðuskýrslu þessari verður farið yfir verkþætti sem unnir hafa verið á fyrsta ári verkefnisins og mat lagt á framgang verkefnisins í heild sinni. Ennfremur eru gerð skil á ritrýndum greinum, ráðstefnuritgerðum og skýrslum sem unnar hafa verið í tengslum við verkefnið.

Í desember 2006 kom út áfangaskýrsla fyrir verkefnið[1] og í febrúar 2007 var haldinn kynningarfundur fyrir aðstandendur RÁVAndarinnar þar sem niðurstöðum og framgangi verkefnisins voru gerð ítarleg skil.

Frumniðurstöður þróunarvinnu á hviðu- og jaðarlagslíkani voru kynntar á ICAM ráðstefnunni í Chambéry í Frakklandi og á WRF ráðstefnunni í Boulder í Bandaríkjunum í júní 2007.

Að verkinu hafa unnið Einar M. Einarsson (RV), Halldór Björnsson (VÍ), Haraldur Ólafsson (HÍ), Hálfdán Ágústsson (RV), Hrafnkell Pálsson (RV), Ólafur Rögnvaldsson (RV), Sveinbjörn J. Tryggvason (RV), Sveinbjörn Brynjólfsson (HÍ/VÍ), Þórður Arason (VÍ) og Örnólfur E. Rögnvaldsson (RV).

2 MARKMIÐ

Markmið verkefnisins er að spá fyrir og kortleggja hita, úrkomu og vind í þéttu reiknineti við núverandi veðurfar. Ennfremur að þróa frekar tæki og hugbúnað til að kanna fyrrgreinda veðurþætti í núverandi og framtíðarveðurfari.

3 VÖRÐUR, TÍMA– OG KOSTNAÐARÁÆTLUN

Helstu vörður verkefnisins eru:

1) Verkþættir er lúta sérstaklega að spákerfinu – þróun hugbúnaðar til að flytja reiknigögn úr spákerfinu inn í gagnasjá VÍ; vistun punktgagna; endurskoðun landgerðar; endurskoðun daglegra keyrslna.

2) Bestun og sannreyning á úrkomustikunum. **Þessi vinna fer fram á 1. og 2. ári**.

3) Bestun, sannreyning og þróun jaðarlagslíkans. **Þessi vinna fer fram á 1. og 2. ári verkefnisins**.

4) Þróun, bestun og sannreyning á hviðulíkani. **Unnið á 1. til 3. ári**.

5) Háupplausnarreikningar á veðri á Íslandi. **Unnið á 3. ári**.

6) Þróun og uppsetning gagnagrunns. **Unnið á 1. og 2. ári, notast verður við fyrirliggjandi reiknigögn við hönnun grunnsins**.

[1] Skýrslan er aðgengileg á vefnum: www.betravedur.is/or/RAV/stoduskyrslaRAV–nov06.pdf

7) Ritun vísindagreina um niðurstöður verkefnisins. **Unnið á 2. og 3. ári**.

8) Niðurstöður verða kynntar á Íslandi og á ráðstefnum erlendis. **Öll ár verkefnisins**.

Verkþættir 2–4, 7 og 8 verða unnir í nánu samstarfi við erlendar rannsóknastofnanir og/eða háskóla. Tafla 1 sýnir áætlaða kostnaðardreifingu vegna verkþátta sem unnir voru á fyrsta ári RÁVAndar verkefnisins.

Tafla 1. *Kostnaðaráætlun vegna fyrsta verkárs.*

Verkþáttur	Vinna	Tæki/hugbúnaður
Gagnaframsetning	1.500 þkr	
Vistun punktgagna	1.000 þkr	500 þkr (vél– og hugbúnaður)
Endurbætur landgerðar	2.000 þkr	
Endurskoðun daglegra keyrslna	1.500 þkr	
Þróun gagnagrunns	1.000 þkr	
Þróun hviðulíkans	2.000 þkr	
Þróun úrkomustikana	2.000 þkr	500 þkr (úrkomumælar)
Þróun jaðarlagslíkans	1.800 þkr	
Afskriftir og aðstaða		2.200 þkr
Heild:	**12.800 þkr**	**3.200 þkr**

4 VERKÞÆTTIR

4.1 Gagnaframsetning

Daglegar veðurspár eru birtar á vefnum www.belgingur.is og eru þær uppfærðar átta sinnum á sólarhring. Helgast það af því að spárnar eru reiknaðar út frá lofthjúpsgreiningum og spám frá bæði Bandarísku (NOAA – GFS) og Evrópsku (ECMWF) veðurstofunum. Báðar þessar veðurstofur uppfæra lofthjúpsgreiningar sínar og spár fjórum sinnum á sólarhring. Þessum lið verkefnisins er lokið og verður öll frekari þróun gagnaframsetningar fjármögnuð utan RÁVAndar verkefnisins.

4.2 Endurbætur landgerðar

Sjá umfjöllun síðar í greinargerðinni.

4.3 Endurskoðun daglegra keyrslna

Sjá umfjöllun síðar í greinargerðinni.

4.4 Þróun gagnagrunns

Vistun punktgagna er hluti af almennri uppbyggingu gagnabanka sem hýsa skal gögn er koma munu út úr líkankeyrslum í hárri upplausn (áætlað á 3. ári RÁVAndar verkefnisins). Til viðbótar við vistun punktgagna hefur verið sett upp svokallað OpENDAP kerfi (www.opendap.org) og unnið er að uppsetningu hugbúnaðar er leyfir vefaðgang að DB2 gagnagrunni Reiknistofu í veðurfræði (RV). Þessi vinna hefur reynst töluvert umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í fyrstu áætlunum. Óhætt er að áætla að töluverð vinna sé eftir hvað uppsetningu og þróun grunnsins varðar til að tryggt sé að hann verði sem best úr garði gerður. Leitað verður eftir utanaðkomandi sérfræðiþekkingu þar sem innanbúðarfólki þrýtur visku í þessum efnum.

Loks verður öryggisafrit af gagnagrunni VÍ, eða a.m.k. hluta hans, vistað á vélum RV og ennfremur gert aðgengilegt í gegnum fyrrnefnt vefaðgengi. Notkunarleiðbeiningar með grunninum verða skrifaðar þegar vefaðgengi að honum kemst í gagnið.

4.5 Þróun hviðulíkans

Undanfarin misseri hefur verið unnið að þróun og prófunum á aðferð til að spá fyrir um vindhviður m.v. niðurstöður reikninga með lofthjúpslíkani, ýmist MM5 eða AR–WRF. Þessi verkþáttur er á áætlun og vísað er í ritrýnda grein (Ólafsson and Hálfdán Ágústsson 2007) sem birtist nýverið í alþjóðlega fagritinu *Meteorologische Zeitschrift* og fylgiskjal með ráðstefnuritgerð (á ensku) vegna ICAM–ráðstefnunnar 2007. Þar er aðferðin prófuð við mismunandi aðstæður og varpað er ljósi á þætti í hviðulíkaninu sem þarfnast frekari athugana við. Ný grein um hviðuspárnar er í vinnslu og má ætla að ritun hennar ljúki á haustmánuðum 2007. Fyrstu niðurstöður þessara rannsókna eru það lofandi að hviðulíkanið hefur verið sett í prófun í daglegum keyrslum og spárnar birtar á sérstakri tilraunavefsíðu: www.betravedur.is. Frekari þróun á hviðulíkaninu helst í hendur við þróun jaðarlagslíkansins og aðferða innan þess til stikunar á kviku.

4.6 Þróun úrkomustikana

Unnið hefur verið að prófunum og næmnireikningum á úrkomudreifingu með veðurlíkaninu MM5. Niðustöður birtust nýverið í ritrýndri grein (Rögnvaldsson et al. 2007) í *Meteorologische Zeitschrift*. Helstu niðurstöður voru að úrkomudreifing reiknuð með veðurlíkaninu MM5 er mjög næm fyrir stærð svonefndra þéttikjarna (e. Cloud Condensation Nuclei – CCN), en þeir eru ráðandi þáttur í því hvenær líkanið myndar dropa, og þar með úrkomu. Ennfremur var úrkomudreifing mjög háð láréttri upplausn líkansins sem og upphafs– og jaðarskilyrðum. Nýverið hefur verið sett upp mun þéttara net úrkomumæla á Reykjanesinu (sjá mynd 1) og eru vonir bundnar við að mæliniðurstöður muni nýtast við áframhaldandi bestun úrkomustikana í nýju veðurlíkani, AR–WRF, sjá frekari umfjöllun í *Endurskoðun daglegra keyrslna* hér á eftir.

4.7 Þróun jaðarlagslíkans

Í marsmánuði síðastliðnum unnu tveir starfsmenn Reiknistofu í veðurfræði við rannsóknir hjá Bandarísku haf- og lofthjúpsfræðistofnunni (NOAA/ESRL). Meðal verkefna var m.a. að setja upp svokallað Bao jaðarlagslíkan inn í nýjustu útgáfur af bæði MM5 og AR–WRF veðurlíkönunum. Sú vinna er langt komin og standa prófanir yfir. Reiknuð hafa verið nokkur sértilvik af þekktum óveðrum, bæði á sunnanverðu Snæfellsnesi sem og undir Öræfajökli. Sjá frekar í umfjöllun um *Endurskoðun daglegra keyrslna* hér á eftir. Áfram verður unnið að þróun jaðarlagslíkansins, hviðulíkaninu verður þar bætt inn í og lengri tímabil reiknuð og næmni jaðarlagslíkansins könnuð frekar.



LIC_831, R. Sigmundsson ID831

Mynd 1. *Mælanet vegna SKÚR (Staðbundin kortlagning úrkomu á Reykjanesi) verkefnisns. Grunnmynd fengin frá R. Sigmundsson ehf. S1 til S37 tákna staðsetningu úrkomumæla.*

5 VERKÞÆTTIR ERU SNÚA SÉRSTAKLEGA AÐ VEÐURSPÁKERFI

RV og VÍ sömdu sérstaklega um greiðslutilhögun og var lögð áhersla á þá verkþætti innan RÁV er lutu sérstaklega að veðurspákerfi því er þróað hefur verið á síðastliðnum árum í samvinnu RV og VÍ (einnig nefnt HRAS verkefnið). Þessir verkþættir eru eftirfarandi (áætlaður fjöldi mannmánaða innan sviga):

1) Þróun hugbúnaðar til að flytja reiknigögn úr spákerfinu inn í gagnasjá VÍ (2mm).

2) Vistun punktgagna úr spákerfinu í gagnagrunn (1mm).

3) Endurbætt landgerð (6mm).

4) Endurskoðun daglegra keyrslna (3mm).

Skemmst er frá því að segja að verkliðum 1 og 2 er lokið og er vísað til áfangaskýrslu fyrir RÁV verkefnið[2] frá því í nóvember 2006 varðandi lýsingu á þeim. Niðurstöður voru ennfremur kynntar frekar fyrir samstarfsaðilum á fundi í febrúar 2007. Nánari verklýsing liða 3 og 4 er sem hér segir.

5.1 Endurbætt landgerð

Meðal niðurstaða úr HRAS verkefninu var að lofthiti væri að líkindum kerfisbundið rangur sumsstaðar á landinu í hægum vindi, einkum að sumarlagi. Ástæða er til að ætla að það leiðréttist við endurskoðun á landgerð spálíkansins. Endurbætur hafa verið gerðar á landgerðinni.

[2]Skýrslan er aðgengileg á vefnum: www.betravedur.is/or/RAV/stoduskyrslaRAV–nov06.pdf



Mynd 2. *Upprunaleg (vinstri) og breytt (hægri) landgerð, svartur litur táknar jökla/snævi.*

Mestu munar nú um að Vatnajökull og jöklar á hálendi landsins eru mun betur skilgreindir en áður var (sjá mynd 2). Eldri skilgreiningar voru byggðar á gerfihnattamælingum frá apríl 1992 til mars 1993.



Mynd 3. *Mismunur á reiknuðum hita á Kárahnjúkum fyrir 12 klst. spár (breytt mínus óbreytt landgerð) frá júní og út ágúst 2006.Gildistími spánna er miðnætti (efst til vinstri), 6 að morgni (efst til hægri), hádegi (neðst til vinstri) og 18 síðdegis (neðst til hægri).*

Lokið hefur verið við endurkeyrslur á 9 km spám fyrir sumarmánuðina (júní út ágúst) með sömu upphafs– og jaðarskilyrðum, en leiðréttri landgerð. Með þessu móti fæst beinn samanburður á 12, 24 og 36 klukkustunda spám, fjórum sinnum á sólarhring, þar sem eini munurinn felst í landgerð. Myndir 3 til 5 sýna hitamun úr þessum tveimur keyrslum á Kárahnjúkum fyrir 12, 24 og 36 klukkustunda spár. Á hverri mynd er hitamunur sýndur á miðnætti, klukkan 6 að morgni, hádegi og klukkan 18 síðdegis. Á mynd 3 má sjá að reiknaður hiti er að jafnaði 0.12 til 0.45 °C hærri í líkaninu með leiðréttri landgerð. Að jafnaði er munurinn minnstur að morgni (0.12 °C) en mestur klukkan 18 síðdegis (0.45 °C). Mynd 4 sýnir að



Mynd 4. *Mismunur á reiknuðum hita á Kárahnjúkum fyrir 24 klst. spár (breytt mínus óbreytt landgerð) frá júní og út ágúst 2006.Gildistími spánna er miðnætti (efst til vinstri), 6 að morgni (efst til hægri), hádegi (neðst til vinstri) og 18 síðdegis (neðst til hægri).*

reiknaður hiti er að jafnaði 0.26 til 0.4 °C hærri í líkaninu með uppfærðri landgerð. Líkt og fyrir 12 klukkustunda spárnar þá er hitamunurinn minnstur fyrri hluta dags (0.26 °C klukkan 6 að morgni og klukkan 12 á hádegi) en mestur klukkan 18 síðdegis (0.4 °C). Á mynd 5 má loks sjá að reiknaður hiti er að jafnaði 0.31 til 0.44 °C hærri í líkaninu með uppfærðri landgerð. Að jafnaði er munurinn minnstur að nóttu og snemma morguns, 0.32 °C á miðnætti og 0.31 °C klukkan 6 að morgni. Sem fyrr er hitamunurinn mestur klukkan 18 síðdegis (0.44 °C).

Sé reiknaður hiti borinn saman við mældan hita á Kárahnjúkum (mynd 6) sést að staðalfrávik og RMS villur minnka mikið sé reiknað með nýju landgerðinni. Ennfremur hækkar Spearman fylgnistuðullinn mikið eða úr 0.62 til 0.65 í 0.85 til 0.90. Samantekt á mynd 6 er að finna í töflu 2.

Þessi miklu hitafrávik í spánum er eingöngu að finna á svæðum í grennd við jökla landsins, þ.e. þeim svæðum þar sem mestar breytingar urðu á landgerðinni. Til marks um þetta má nefna að hitamunur á 12, 24 og 36 klukkustunda spám fyrir Reykjavík er á bilinu 0.0 til 0.04 °C.



Mynd 5. *Mismunur á reiknuðum hita á Kárahnjúkum fyrir 36 klst. spár (breytt mínus óbreytt landgerð) frá júní og út ágúst 2006.Gildistími spánna er miðnætti (efst til vinstri), 6 að morgni (efst til hægri), hádegi (neðst til vinstri) og 18 síðdegis (neðst til hægri).*

5.2 Endurskoðun daglegra keyrslna

Síðastliðin átta ár hefur verið í þróun í Bandaríkjunum nýtt veðurlíkan í samstarfi NCAR, NOAA, NCEP, FSL, AFWA og FAA auk ýmissa háskóla. Nefnist líkanið í daglegu tali WRF (e. Weather, Research and Forecasting model). WRF líkanið (www.wrf–model.org) er hugsað sem arftaki MM5 veðurlíkansins og hefur allri þróun á síðarnefnda líkaninu nú verið hætt en þeim mun meiri áhersla verið lögð á áframhaldandi þróun á WRF.

Tveir starfsmenn RV, þeir Hálfdán Ágústsson og Ólafur Rögnvaldsson, unnu að rannsóknum hjá Bandarísku haf– og lofthjúpsfræðistofnunni (NOAA/ESRL) í Boulder í mars síðastliðnum. Unnið var að koma nýju jaðarlagslíkani (svokölluðu Bao jaðarlagslíkani) inn í MM5 og AR–WRF (e. Advanced Research WRF) veðurlíkönin sem og að koma hvirflalíkani (e. LES – Large Eddy Simulation model) inn í AR–WRF veðurlíkanið. Valin veður voru reiknuð með báðum líkönum og niðurstöður bornar saman við mælingar. Frumniðurstöður þessara rannsókna voru kynntar á ráðstefnum í Frakklandi og Bandaríkjunum í júní 2007 en greinargerðir þar að lútandi (á ensku) eru fylgiskjöl með skýrslu þessari.

Ein meginniðurstaða þessarar vinnu er að hið nýja AR–WRF veðurlíkan ræður mun betur við að líkja eftir vindstormum hlémegin fjalla. Fyrstu niðurstöður benda ennfremur til að reiknuð úrkomudreifing í AR–WRF líkaninu sé líkari mældri en í MM5 líkaninu. Ennfremur virðist sem bandaríska lofthjúpsgreiningin (NOAA - GFS), og tilsvarandi veðurspá, gefi betri

Tafla 2. *Spearman fylgnistuðlar, RMS villur og staðalfrávik reiknaðs hita fyrir upphaflegu og endurbættu landgerðina við Kárahnjúka.*

Stuðull	**12 klst. spá**		**24 klst. spá**		**36 klst. spá**	
	Upphafleg	Endurbætt	Upphafleg	Endurbætt	Upphafleg	Endurbætt
Spearman	0.65	0.90	0.62	0.87	0.62	0.85
RMS villa	2.93	1.63	2.96	1.73	2.9	1.85
Staðalfrávik	3.0	1.63	3.0	1.73	3.0	1.85



Mynd 6. *Mældur og reiknaður (upphafleg landgerð til vinstri, endurbætt til hægri) hiti á Kárahnjúkum frá júní og út ágúst 2006. Spátími er 12 klst. (efst), 24 klst. (mið) og 36 klst. (neðst). Athuganir eru á láréttum ás og reiknaður hiti á lóðréttum ás.*

niðurstöður en sú evrópska (ECMWF), a.m.k. við núverandi lóðrétta upplausn þeirrar síðarnefndu og fyrir þau einstöku veður sem reiknuð voru. Kanna þarf betur hvernig evrópska lofthjúpsgreiningin, í fullri lóðréttri upplausn, kemur út í samanburði við þá bandarísku. Til þessa hefur verið settur upp hugbúnaður frá Max-Planck stofnuninni í Þýskalandi sem gerir kleift að brúa evrópsku lofthjúpsgreininguna af líkanflötum yfir á þrýstifleti. Er það nauðsynlegt til að hægt sé að nota greininguna (og viðkomandi spá) sem innlag inn í MM5 og AR–WRF veðurlíkönin. Fyrstu kannanir benda til að þetta verklag muni skila tilætluðum árangri, þ.e. ekki taki það langan tíma að forvinna greininguna að óásættanlegar tafir verði á gerð veðurspánna. Ennfremur verður hægt að forvinna eldri lofthjúpsgreiningar Evrópsku veðurstofunnar með sambærilegum hætti. Eitt atriði veldur því þó að ekki hefur verið hægt að nota þennan hugbúnað enn sem komið er. Það kom í ljós að á líkanflötum evrópsku greiningarinnar er mættishæð (e. geopotential height) eingöngu vistuð á neðsta líkanfleti. Veldur þetta því að ekki er hægt að brúa téða breytu yfir á þrýstifleti. Þar sem mættishæð er nauðsynleg innlagsbreyta fyrir bæði AR–WRF og MM5 er nauðsynlegt að leysa þetta vandamál áður en hægt verður að nota greininguna frá Evrópsku veðurstofunni (ECMWF) með fullri lóðréttri upplausn. Sérfræðingar ECMWF hafa verið látnir vita af vandamálinu og er það mál „í vinnslu“.

Annað tæknilegt útfærsluatriði sem kom í ljós að betur mætti fara er uppröðun lóðflata í MM5 veðurlíkaninu. Hermdur vindur hlémegin fjalla kom betur út með tilliti til mælinga, ef lóðflötum í neðstu 1500 metrum lofthjúpsins var fjölgað frá því sem nú er. Ennfremur varð mikil bót á reiknuðu hitastigi nærri yfirborði jarðar við sömu breytingu. Skýrist það af því að neðsti lóðflötur í núverandi uppsetningu er of neðarlega til að stikun flæðis við yfirborð (e. surface flux) sé bestuð.

Rannsóknir erlendis frá (www.rap.ucar.edu/asr2003/land–surface–modeling.html) og (Mitchell 2006) benda til að við notkun yfirborðslíkans verði hermun úrkomu og varmaflæðis við yfirborð betri og köld hitahneigð (e. cold temperature bias) verði minni, einkum ef yfirborð er gróðurvana. MM5 líkanið hefur verið keyrt yfir 10 mánaða tímabil (janúar til og með október 2006) með yfirborðslíkani fyrir óbreytta landgerð. Til að kanna áhrif bættrar landgerðar enn frekar stendur til að keyra líkanið yfir sama tímabil og með sömu uppsetningu, fyrir utan að nota lagfærða landgerð. Með þessu móti fást mikilvægar upplýsingar, ekki bara um áhrif bættrar landgerðar, heldur líka um áhrif þess að keyra veðurlíkan með sérstöku yfirborðslíkani og samspil þess og landgerðar.

Náðst hefur samkomulag milli Veðurstofu Íslands og Evrópsku veðurstofunnar (ECMWF) um að hætta að senda innlagsgögn á svokölluðu „ramma sniði“. Í þessu felst að hægt verður að nota núverandi veðurlíkön (MM5 og AR–WRF) með yfirborðslíkani og óbreyttum forvinnslu hugbúnaði. Í „römmunum“ fólst að jaðargögn (í þessu tilviki veðurspár) voru eingöngu skilgreind á takmörkuðu svæði, ramma, sem lá í kringum Ísland. Til að geta notað yfirborðslíkan í veðurlíkönunum hefðu þessar upplýsingar þurft að vera aðgengilegur fyrir allt svæðið. Með nýjum gagnastraumi frá ECMWF verður þetta mögulegt og standa vonir til að hægt verði hefja þessar endurbættu keyrslur á allra næstu mánuðum.

Einn kostur sem AR–WRF líkanið hefur fram yfir MM5 er að hægt er að skilgreina „svamp“ í efstu lögum líkansins. Með þessu móti er hægt að dempa lóðrétt endurvarp þyngdarbylgna, en líkur eru á að slíkt endurvarp valdi á stundum kindugu úrkomumynstri í veðurspám reiknuðum með MM5 líkaninu. Sökum þessa, og fyrrnefndra kosta AR–WRF líkansins umfram MM5, hefur verið hætt við að kanna áhrif breyttra jaðarskilyrða við efri mörk MM5 líkansins á úrkomudreifingu. Þess í stað hefur verið hafist handa við að setja upp AR–WRF veðurlíkanið til daglegra veðurspáa.

Loks gefa rannsóknir á áhrifum aukinnar láréttrar upplausnar á gæði lofthjúpsreikninga til kynna að bæta megi spárnar enn frekar með aukinni upplausn. Niðurstöður nýbirtra greina

(Ólafsson and Hálfdán Ágústsson 2007; Ágústsson and Haraldur Ólafsson 2007) í tímaritinu *Meteorologische Zeitschrift* sýna að bæta má spárnar töluvert í óveðrum í flóknu landslagi, t.d. með að auka upplausn úr 3km í 1km. Með nýjustu lofthjúpslíkönum, s.s. AR–WRF má auka upplausnina enn frekar. Ennfremur hafa sterkar líkur verið leiddar að því að bæta megi flugveðurspár nokkuð með aukinni láréttri upplausn (Ólafsson and Ágústsson 2006).

Að endingu er rétt að taka fram að uppsetning AR–WRF líkansins til daglegra veðurspáa getur ekki talist falla undir RÁVAndar verkefnið og verður sú vinna fjármögnuð eftir öðrum leiðum.

5.2.1 Samantekt og tillögur

Þrátt fyrir að ekki sé lokið við að kanna til fullnustu áhrif breyttrar landgerðar og yfirborðslíkans né heldur áhrif aukinnar lóðréttrar upplausnar innlagsgagna þá er lagt til að uppsetningu daglegra reikninga verði breytt sem hér segir.

1) Endurbætt landgerð hefur verið tekin í gagnið fyrir spár byggðar á GFS greiningu. Stefnt er að því að allar spár verði reiknaðar með uppfærðri landgerð frá og með mánaðarmótunum júní/júlí 2007. Skiptir þetta miklu máli þar eð rétt lögun og sköpulag jökla hefur mest að segja á sumrin þegar hálendi landsins er að mestu snjólaust.

2) Farið verði að nota yfirborðslíkan (e. LSM) í veðurspárlíkaninu. Þetta krefst nýs gagnastraums frá Evrópsku veðurstofunni (ECMWF) þar sem „ramma“ sniði verður kastað fyrir róða. Formleg beiðni þar að lútandi þarf að koma frá Veðurstofu Íslands.

3) Uppröðun lóðréttra reikniflata verði breytt, fjölga þarf flötum í neðstu 1500 metrunum. Má ætla að vindhraði í óveðrum hlémegin fjalla verði hermdur betur sem og hiti við yfirborð.

4) Áfram verði unnið að aðlaga gögn á líkanflötum ECMWF yfir á þrýstifleti. Ástæða er til að ætla að mikilvægar upplýsingar um ástand lofthjúpsins glatist við núverandi upplausn lóðflata.

5) Unnið verði áfram að uppsetningu og aðlögun AR–WRF veðurlíkansins með það fyrir augum að það leysi núverandi (MM5) líkan af hólmi á næsta verkári.

6) Með auknu reikniafli verði stefnt að því að auka enn frekar lárétta upplausn reikninetsins, a.m.k. fyrir ákveðin landsvæði.

Verkliðnum *Endurskoðun daglegra keyrslna* telst því lokið hvað snertir RÁVAndar verkefnið.

6 VERKÁÆTLUN ANNARS ÁRS RÁVANDARINNAR

Eins og getið var í upphafi þá hlaut RÁV verkefnið öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Íslands í febrúar síðastliðnum. Í ljósi þessa þá mun verkefnið verða útvíkkað nokkuð, einkum er lítur að þróun á aðferðum til að meta áhættu á ýmsum veðurþáttum í tíma og rúmi. Samstarfsaðilum fjölgar ennfremur en Hending ehf og verkfræðistofan Vatnaskil munu nú leggja hönd á plóg auk starfsmanna HÍ, RV og VÍ. Tafla 3 sýnir verkáætlun fyrir annað ár RÁVAndarinnnar.

Tafla 3. *Verk– og tímaáætlun fyrir annað ár RÁVAndar verkefnisins.*

Verkþáttur	**Fjöldi mannmánaða**	**Starfsstaður**
Verkstýring	4	HÍ(1), RV(2), VÍ(1)
Hermireikningar	1	RV(1)
Gagnavinnsla (mæld gögn) (Gufuskálar+Falcon+FloHof)	8	RV(6), HÍ(1), VÍ(1)
Þróun gagnagrunns og gagnaaðgengis	8	RV(8)
Þróun, bestun og sannreyning jaðarlagslíkans	13	HÍ($\frac{1}{2}$), RV($12\frac{1}{2}$)
Þróun á aðferðum til áhættumats	11	HÍ($1\frac{1}{2}$), Hending(2), RV($7\frac{1}{2}$)
Umsjón hug- og vélbúnaðar	1	RV(1)
Umsjón doktorsnema	1	HÍ(1)
Kynning á (frum)niðurstöðum	3	RV(3)
Ritun niðurstaðna í ritrýnd fagtímarit	5	HÍ(1), RV(4)
Áætlaður heildarfjöldi mann–mánaða fyrir 2. verkár	**57**	**Hending(2), HÍ(6), RV(46), Vatnaskil(1), VÍ(2)**

7 SAMANTEKT

Af framangreindu má ljóst vera að vinna við RÁVAndar verkefnið gengur samkvæmt áætlun og ef eitthvað er þá eru kjarnaþættir verkefnisins á undan áætlun, verkefnið er ennfremur innan upphaflegs fjárhagsramma fyrsta verkárs. Er það eingöngu uppbygging gagnagrunnsins sem tekið hefur lengri tíma en áætlað var í upphafi og gera má ráð fyrir að kostnaður vegna hans verði nokkuð hærri en áætlað var í fyrstu. Loks er vert að benda á nokkurn fjölda ritrýndra greina sem þegar hafa verið gefnar út og byggja að miklu leyti á þessu verkefni þrátt fyrir að það sé enn tiltölulega skammt á veg komið.

Reykjavík, 28. júní 2007.

F.h. stýrihóps RÁVAndar verkefnisins:
Haraldur Ólafsson – formaður stýrihóps   Ólafur Rögnvaldsson – dagleg umsjón

8 HEIMILDIR

Mitchell, K. 2006. The new Noah LSM in the NCEP GFS: (implemented 31 May 2005). THORPEX workshop. Available on the web: http://mc.ncep.noaa.gov/gmb/ens/ THORPEX/PI–workshop/Mitchell_THORPEX–Workshop_GFS–Noah_18Jan06.ppt.

Rögnvaldsson, Ó., Jian–Wen Bao and Haraldur Ólafsson 2007. Sensitivity simulations of orographic precipitation with MM5 and comparison with observations in Iceland during the Reykjanes Experiment. *Meteorologische Zeitschrift* **16**, 87–98.

Ágústsson, H. and Haraldur Ólafsson 2007. Simulating a severe windstorm in complex terrain. *Meteorologische Zeitschrift* **16**, 99–110.

Ólafsson, H. and Hálfdán Ágústsson 2007. The Freysnes downslope windstorm. *Meteorologische Zeitschrift* **16**, 123–130.

Ólafsson, H. and H. Ágústsson 2006. Observational and numerical evidence of strong gravitiy wave breaking over Greenland. Institute for Meteorological Research ISBN 9979–9709–3–6, Útgáfufélagið Slemba, Reykjavík.

FYLGISKJÖL

Greinargerð um flugatvik yfir S–Grænlandi í desember 2005: *Observational and numerical evidence of strong gravity wave breaking over Greenland.* Rit Reiknistofu í veðurfræði, ISBN 9979–9709–3–6, Reykjavík, júní 2006.
ICAM ráðstefnuritgerð varðandi hviðulíkanið: *Forecasting wind gusts in complex terrain*, Chambéry, Frakkland, júní 2007.
Veggspjald kynnt á “8th WRF workshop”: *Downslope windstorms in Iceland – WRF/MM5 model comparison – II*, Boulder, BNA, júní 2007.
WRF ráðstefnuritgerð um samanburð á MM5 og AR–WRF líkönunum: *Downslope windstorm in Iceland – WRF/MM5 model comparison – I*, Boulder, BNA, júní 2007.

Ofangreindar skýrslur og ítarefni er ennfremur að finna á vefnum undir slóðinni:
www.betravedur.is/or/RAV

Útgáfufélagið Slemba
ISBN 9979-9709-3-6

Rit Reiknistofu í veðurfræði
Haraldur Ólafsson
Hálfdán Ágústsson

Observational and numerical evidence of strong gravity wave breaking over Greenland

Reykjavík
2006

CONTENTS

Abstract **2**

1 Introduction **2**

2 Observational data and numerical simulation **2**

3 Results **4**

4 Discussion **8**

5 Conclusions **8**

6 REFERENCES **8**

A Appendix – The large scale flow **10**

ABSTRACT

Severe turbulence was observed over S-Greenland on 6 December 2005. Numerical simulations reveal amplified mountain waves that break both in the troposphere and in the stratosphere. At the surface, there are locally strong winds. Sensitivity studies indicate that horizontal resolution as high as 3 km is needed to reproduce the observed turbulence. It is suggested that real-time simulations at that resolution would improve aviation forecasts.

1 INTRODUCTION

Several studies indicate that Greenland may be able to generate very amplified and even breaking gravity waves (e.g. the FASTEX case reported Doyle et al. (2005) and Rögnvaldsson and Ólafsson (2003)). Incidents of strong turbulence over Greenland have been reported by commercial aircrafts, but to the knowledge of the authors of this paper, such cases have so far not been investigated. On 6 December 2005 a commercial aircraft flying at a high level encountered severe turbulence over South-Greenland. Such incidents have occurred before, but generally in westerly flow. Here, the 6 December case is simulated. The wave activity and the surface jets close to the tip of Greenland are explored.

2 OBSERVATIONAL DATA AND NUMERICAL SIMULATION

The observations are from a commercial aircraft, flying out of Iceland towards N-America. The aircraft experienced severe turbulence and very abrupt changes in wind speed over S-Greenland at about 200 hPa. There were neither any significant structural damages nor injuries on board. The flow is simulated with the numerical model MM5 (Grell et al. 1994), using the Eta PBL parameterization. Initial and boundary conditions are from the ECMWF. The vertical resolution is 40 levels and the horizontal resolutions are 9 km and 3 km. The topography of S-Greenland and the simulation domains are shown in Fig. 1.



Figure 1. Topography (m) in the numerical simulations. Horizontal resolution 9 km (top) and 3 km (bottom).

3 RESULTS

Figure 2 shows a radiosounding from Narsarsuaq, S-Greenland at 12 UTC on 6 December 2005. The sounding shows strong easterly winds throughout most of the troposphere. At low levels, the airmass is conditionally unstable, but there is a stable layer above 650 hPa. In the stratosphere, there are weaker southwesterly winds. Figures 3 and 4 show the simulated flow at 200 hPa (close to the flight level) and a cross section along the low level flow for horizontal resolutions of 9 km and 3 km. There is indeed a pronounced wave activity throughout the troposphere. The steepness of the waves and the turbulence indicate breaking at middle tropospheric levels and also above the tropopause, where severe turbulence was observed by the aircraft. The stratospheric waves and the associated turbulence are greater and more realistic in the 3 km simulation than in the 9 km simulation. Figure 5 shows surface winds, mean sea level pressure and temperature at 925 hPa. There is a barrier jet at the east coast of Greenland and a corner wind downstream of the southernmost mountains. The strongest winds are found over Greenland, further to the north, below the amplified waves. Downstream of the strongest winds, there is a wake with weak winds.



Figure 2. Radiosounding from Narsasuaq, South-Greenland at 12 UTC on 6 December 2005 (retrieved from the University of Wyoming, USA).



Figure 3. Potential temperature (K), turbulence (J/kg) and wind vectors at 200 hPa (top) and in a cross section (bottom) over S-Greenland along the flow. Horizontal resolution 9 km.



Figure 4. Potential temperature (K), turbulence (J/kg) and wind vectors at 200 hPa (top) and in a cross section (bottom) over S-Greenland along the flow. Horizontal resolution 3 km.



Figure 5. Temperature (K) at 925 hPa, mean sea level pressure (hPa) and wind barbs (one full wind-barb corresponds to 5 m/s) in a simulation with horizontal resolution 9 km (top) and 3 km (bottom).

4 DISCUSSION

The atmospheric conditions for mountain wave generation are quite good: strong low level winds perpendicular to the mountains and a stable layer not far from the top of the mountains. Weakening of the winds with height at middle tropospheric levels contribute to the breaking of the waves at these levels. In spite of tropospheric breaking, some of the wave energy is evidently able to penetrate up to the stratosphere, where the waves break. This is the first time to the knowledge of the authors of this paper that evidence is given of gravity wave breaking in easterly flow over Greenland. Strong easterly flow in this region of the world is in most cases associated with a reverse vertical windshear (e.g. Ólafsson and Ágústsson (2007)), which in many cases would inhibit the waves to propagate up to the stratosphere.

The low level (barrier) winds along the east coast of Greenland become increasingly ageostrophic as one moves to the south along the coast and there is only a very limited low level west-east temperature gradient to contribute to these winds. Both the shooting flow below the waves and the corner jet downstream of the southernmost part of the mountains are very much ageostrophic. These local winds that are generated around Greenland in easterly flows are well known to forecasters, but they have so far not been the object of many scientific studies apart from Moore and Renfrew (2005) (see Doyle and Shapiro (1999) for the westerly tip jet). This may change after the Greenland Flow Distortion Experiment (http://lgmacweb.env.uea.ac.uk/e046/research/gfdex).

5 CONCLUSIONS

Breaking of gravity waves over Greenland is possible in easterly flows and it can indeed be a hazard to aviation. Moving from 9 km horizontal resolution to 3 km increases the simulated breaking intensity and makes it more realistic at the intercontinental air traffic level in the lower stratosphere. This indicates strongly that aviation forecasts of turbulence in this region are likely to improve if they are based on high-resolution real-time simulations.

Acknowledgements

The authors would like to thank Icelandair and their pilots for collaboration on data collection. This study is carried out in connection with the RÁV project.

6 REFERENCES

Doyle, J. D. and M. A. Shapiro 1999. Flow response to large-scale topography: The Greenland tip jet. *Tellus* 51A, 728 – 748.

Doyle, J. D., M. A. Shapiro, Q. Jiang and D. L. Bartels 2005. Large-amplitude mountain wave breaking over Greenland. *J. Atmos. Sci.* 62, 3106 – 3126.

Grell, G. A., J. Dudhia and D. R. Stauffer 1994. A Description of the Fifth-Generation PennState/NCAR Mesoscale Model (MM5). Technical Report NCAR/TN-398+STR, National center for atmospheric research. Available at http://www.mmm.ucar.edu/mm5/doc1.html (May 2004).

Moore, G. W. K. and I. Renfrew 2005. Tip jets and barrier winds: A QuikSCAT climatology of high wind speed events around Greenland. *J. Climate* 18, 3713 – 3725.

Ólafsson, H. and H. Ágústsson 2007. The Freysnes downslope windstorm. *Meteorol. Z.* 16, 123 – 130.

Rögnvaldsson, Ó. and H. Ólafsson 2003. A case study of the Icelandic through. Proc. Int. Conf. Alp. Meteorol. (ICAM), p. 4.

A APPENDIX – THE LARGE SCALE FLOW






NOAA/ESRL Physical Sciences Division
80N
75N
70N
65N
60N
55N
50N
45N
40N
90W
80W
70W
60W
50W
40W
30W
20W
10W
0
Precipitation Rate (mm/day) Composite Mean
12/6/05 18z
NCEP/NCAR Reanalysis
10 15 20 25 30 35 40 45 50 55


NOAA/ESRL Physical Sciences Division
80N
75N
70N
65N
60N
55N
50N
45N
40N
90W
80W
70W
60W
50W
40W
30W
20W
10W
0
300mb Geopotential Heights (m) Composite Mean
12/6/05 18z
NCEP/NCAR Reanalysis


NOAA/ESRL Physical Sciences Division
850mb Temperatures (C) Composite Mean
12/6/05 18z
NCEP/NCAR Reanalysis


U-WIND
Latitudes: 65N – 55N
Cint: 5 m/s
Level: 300 mb
NCEP Operational Data
Longitude
m/s
NOAA/ESRL Physical Sciences Division

FORECASTING WIND GUSTS IN COMPLEX TERRAIN

Hálfdán Ágústsson[12], Haraldur Ólafsson[1234]

[1]Reiknistofa í veðurfræði, Reykjavík, Iceland
[2]Háskóli Íslands, Reykjavík, Iceland
[3]Veðurstofa Íslands, Reykjavík, Iceland
[4]Institute for Geophysics, University of Bergen, Norway
E-mail: *halfdana@hi.is*

Abstract: Wind gusts are calculated in a large collection of simulated atmospheric flows in complex terrain in Iceland. The gust method is based on a comparison of atmosperic stability and turbulent kinetic energy in the planetary boundary layer. The atmospheric data is a part of realtime numerical simulations used in forecasting in Iceland and is generated with the MM5 model at a horizontal resolution of 9 and 3 km, and in some cases 1 km. Initial and boundary conditions are from the ECMWF. The gust prediction method is implemented as post-processing within the IDL environment, into which the simulated MM5-data is imported using the mm5idl-package. The calculated gust strength is compared with wind gust observations from numerous automatic weather stations. The estimated gusts are strongly dependent on the quality of the simulated flow and are on average well captured when the mean winds are correctly simulated. Maximum gusts in downslope windstorms are however frequently underestimated. The error is presumably related to an inadequate simulation of the downstream surface winds which are also strongly underestimated in the windstorms. The method has previously been found to perform well in a corner wind, while here, wind gusts are successully reproduced upstream of mountains as well as in the mountains.

Keywords - *Gust forecasting, windstorms, complex terrain, Iceland*

1. INTRODUCTION

The greatest winds in windstorms are related to fluctuations in the wind speed at periods as short as a few seconds. These fluctuations are known as wind gusts and may easily exceed twice the mean wind speed in extreme weather events. The gusts are a manifestation of atmospheric turbulence which is primarily found in the atmospheric boundary layer (BL), but may also be found aloft, e.g. near upper level jets where it may be a danger to aviation. The turbulent motion is driven by high vertical wind shear and/or low static stability. Of importance for this study is the turbulence created in atmospheric flow in and above complex terrain. There is in fact strong evidence in the relevant literature, indicating that major gust events may be related to turbulence aloft, created by local convective instability in regions where gravity (buyoancy) waves break.

The strong gusts are one of the main causes of damage to structures and vegetation in extreme weather events. Several different systems to predict gusts have therefore been devised. Some are based on statistical methods, e.g. using empirical gust factors or an inspection of the vertical wind and stability profiles. Other methods are based on the parameterization of turbulence in numerical weather prediction models, such as the method of Brasseur (2001) which is employed here. The method is fully based on physical considerations and has been proven successful, both in studies in continental Europe as in Belŭsić and Klaić (2004) as well as during windstorms in Iceland (e.g. Ólafsson and Ágústsson 2007).

